

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 68/2007

frá 15. júní 2007

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar til stuðnings evrópska hljóð- og myndmiðlageiranum (MEDIA 2007) ⁽²⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 31, 6.2.2007, bls. 10.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2007 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. mgr. 9. gr. bókunar 31 við samninginn:

„– **32006 D 1718**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar til stuðnings evrópska hljóð- og myndmiðlageiranum (MEDIA 2007) (Stjtið. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 12), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 31, 6.2.2007, bls. 10.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2007 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45, og EES-viðbætur nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 12.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 15. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.